

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 2. mars 2022  
UST202202-235/B.S.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag – Búrfellsvirkjun. Endurskoðun. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs. dags. 18. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Nú er Búrfellsvirkjun fullbyggð og lýtur breytinging að því að uppfæra gögn, stækka starfsmannaaðstöðu og festa í sessi framkvæmdir við Trjáviðarlæk og haugsetningu efnis sem þarf að fjarlægja til að viðhalda farvegi og aðkomuvegi að Búrfellsskógi. Felld eru burt ákvæði sem tóku til framkvæmda sem lokið er með frágangi svæða s.s. vinnubúða, námum og efnislosunarsvæðum.

Fulltrúi Umhverfisstofnunar hefur fylgst með framkvæmdum við Búrfell II og frágang að framkvæmdum loknum. Stofnunin telur lofsvert hversu vel Landsvirkjun hefur staðið að öllum þáttum framkvæmdarinnar og ekki síst þá miklu áherslu og metnað sem lögð hefur verið á góða umgengni og frágang á virkjanasvæðinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*